

68. stjórnarfundur haldinn í Reykjavík 29. maí 2013 kl. 10:30-17

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Reynir Arnarson, Elín Heiða Valsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri

Fundur hófst kl.10:30

1. *Samþykki dagskrár*

2. *Stjórnunar- og verndaráætlun*

Athugasemdafrestur rann út 10. maí s.l., alls bárust athugasemdir frá 14 utanaðkomandi aðilum. Unnið hefur verið úr þeim athugasemdum og liggja fyrir fyrstu tillögur að svörum og verða þau send á alla sem sendu inn athugasemdir.

Á næsta fundi stjórnar verða endanleg svör afgreidd og í framhaldi verður endanleg tillaga stjórnar að nýrri útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunarinnar send umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar og undirritunar.

Í samvinnu við ráðuneytið verður lokið við viðeigandi breytingar á reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs og endanleg breyting reglugerðarinnar auglýst samhliða auglýsingu Stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

Árni Geirsson hjá Alta sat þennan lið.

3. *Atvinnustefna –áframhald.*

Fyrir lá tillaga formanns um fyrstu drög að grunnatriðum í atvinnustefnu þjóðgarðsins sem nýst getur sem umræðugrundvöllur í áframhaldandi vinnu m.a. með hagsmunaaðilum. Einning lá fyrir tímaáætlun um áframhald verkefnisins dagsett 28. maí 2013 og áætlunin fyrst og fremst hugsuð sem vinnuskjal fyrir sumarið til að þróa verkefnið áfram með hagsmunaaðilum.

Vilji er til að atvinnustefna þjóðgarðsins stuðli annars vegar að auknum gæðum og umhverfisvitund í ferðaþjónustu og annarri atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins og hins vegar ýti undir jákvæða byggðaþróun á nærsvæðum þjóðgarðsins.

Einnig er vilji um að sem flest fyrirtæki sem eru með starfsemi í þjóðgarðinum taki upp eða verði hvött til að taka upp Vakann, eða sambærilegt.

Rósa leggur til að fyrst verði talað við þau fyrirtæki sem eru starfandi í þjóðgarðinum.

Árni Geirsson hjá Alta sat þennan lið og Björg Ágústsdóttir hjá Alta var í síma. Þau Árni yfirgáfu fundinn kl. 12:15.

4. *Dettifossvegur framkvæmdaleyfi*

Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður norður fór yfir drög að framkvæmdaleyfi sem var samþykkt og verður sent til Vegagerðar.

5. Fundur með Vegagerð

Til fundarins mættu vegamálastjóri Hreinn Haraldsson, Eiríkur Bjarnason, forstöðumaður áætlanadeildar. Gunnar H. Guðmundsson, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Norðurlandi og Haukur Jónsson, deildarstjóri á Akureyri.

Rætt var um veghald í þjóðgarðinum og er stefnt að því að stofnanirnar taki upp enn frekara samstarf um verkefnið svo og um miðlun upplýsinga um ástand vegakerfisins.

Hjörleifur vék af fundi kl. 15:15

6. Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Framvindan við undirbúning að frumathugun byggingarinnar hefur verið hægari en áætlað var, fyrst og fremst þar eð nokkrir þeirra notenda sem höfðu áætlað að vera með starfsemi í húsinu, þurftu viðbótartíma til að geta staðfest endanlega ákvörðun. Enn hafa ekki allir væntanlegir notendur náð að ljúka sínum undirbúningi til að geta endanlega staðfest með hvaða hætti þeir koma inn í bygginguna. Endanleg staðsetning og úthlutun lóðar liggur nú til samþykktar hjá sveitarstjórn Skaftárhrepps.

Um leið og þessari forvinnu lýkur þá verður hægt að ljúka við gerð kostnaðaráætlunar fyrir verkefnið og senda forathugun á samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og fá þaðan samþykki um að hægt verði að hefjast handa við hönnun. Þegar sú heimild liggur fyrir verður notendahópur verkefnins stofnaður.

Sýning í byggingunni er í undirbúningi og leggur stjórn áherslu á að sem fyrst verði tilkynning um hana kynnt.

7. VAKINN

Frá Ferðamálastofu kom Áslaug Briem og kynnti VAKANN, en Vatnajökulshjóðgarður var formlega samþykktur inn þann 2. maí s.l.

8. Svæðisráð-fundargerðir lagðar fram og kynntar

- norðursvæði; 26. apríl 2013- Ekkert tekið upp
- austursvæði; 25. apríl 2013 - Ekkert tekið upp

9. Verkefnalisti- staða

Farið yfir þau verkefni sem bæst hafa við frá síðustu útgáfu.

10. Önnur mál

- *Endurskoðun stjórnfyrikomulags Vatnajökulshjóðgarðs*

Starfshópur um endurskoðun á stjórnfyrikomulagi þjóðgarðsins hefur ekki enn skilað tillögum sínum til ráðherra.

- *Atburðir v/ 5 ára afmælis;*

Norðursvæði: 29. júní; hátíð í Ásbyrgi og málþing síðasta sumardag.

Austursvæði: 7. júní; í Snæfellsstofu og aðrir viðburðir á árinu.

Suðursvæði: 7. júní; opnun gestastofu í Gömlubúð á Höfn.

Vestursvæði: 8. júní; tvöföld afmælishátíð á Kirkjubæjarklaustri.

Höfuðborgarsvæðið: Stefnt á sýningu nýrrar kvikmyndar í lok júní.

Dettifoss vestur

Viðræður við landeigendur eru í biðstöðu, en næsta skref er að fara yfir stöðuna og mögulegt framhald með ráðuneytinu og nýjum ráðherra.

- *IPA-styrkumsókn;*
Um leið og fyrir liggur samningur um verkefnið þarf að ráða verkefnisstjóra og starfsmann í umsýslu fjármuna.
- *Krepputunga;* Tíminn í sumar verður notaður í vettvangsferðir. Vinna við breytingu á Stjórnunar- og verndaráætlun fari af stað í haust og stefnt verði að því að fullmótuð tillaga hennar geti legið fyrir um þetta leyti að ári.
-
- *Europarc Nordic- Baltic málstofa verður haldin í Reykjavík 30. maí.*
- Formaður stjórnar verður með erindi á málstofunni um Vjþ.
-
- *Fundargerð síðasta fundar*

Bókun Snorra Ingimarssonar vegna fundargerðar eftir 67. stjórnarfund sem var 22. apríl 2013:

„Ég gerði nokkrar alvarlegar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar og þar sem stjórn vill frekar að ég leggi fram bókun heldur en taka tillit til athugasemda minna geri ég það hér með.

Tveir liðir í fundagerðinni eru allt of stuttir og endurspeгла engan veginn það sem rætt var. Í báðum tilvikum var umræða þar sem gagnrýni kom fram á störf stjórnar VJÞ en ekkert kemur fram um það í fundagerðinni.

Í fundagerðinni segir: „Full sátt er um samþykkt ferli um frágang fundargerða stjórnarfunda.“

Hið rétta er að SI kom með athugasemd um fyrirkomulag við ritun fundargerða, sérstaklega þar sem það verklag var viðhaft að fundarritari lætur bæði stjórnarformann og varaformann stjórnar lesa yfir drög að fundargerð áður en hún var send til annara stjórnarmanna. Jafnframt kom SI með gagnrýni á það hversu langan tíma vinnsla fundargerða tekur. Nokkur umræða varð um þetta sem endaði af hálfu SI með yfirlýsingu um að SI þekkti ekki vel til almennra vinnubragða eða regla við vinnslu fundargerða í opinberri stjórnsýslu en legði áherslu á að vinnubrögð væru í samræmi við góðar venjur í stjórnsýslunni. Ekkert formlegt samþykkt ferli er til um frágang fundargerða eins og ætla mætti af fundagerðinni eins og stjórn afgreiddi hana. Þessi eina setning um þennan lið í fundagerðinni er því mjög villandi og jafnvel röng.

Í fundagerð undir liðnum önnur mál segir: „Tekin var efnisleg umræða um athugasemdir sem hafa borist. Rögnvaldur Ólafsson, einn af höfundum rannsóknarskýrslunnar, var í síma og sat fyrir svörum.“

Hið rétta er að SI benti á nokkur efnisatriði af mörgum í harðri gagnrýni sem komið hefur fram á rannsóknarskýrsluna um Vonarskarð. Miðað það hversu

alvarlegar ásakanirnar eru er fundargerðin að mati SI algerlega ófullnægjandi eins og hún er sett fram.

Aðrir liðir í fundargerðinni eru margfalt ítarlegri þannig að hrópanði innbyrðis ósamræmi er í henni.

Svona vinnubrögð í fundarritun eru alveg óviðundandi hjá stofnun sem hefur mikið stjórnsýsluvald og þeim sem að henni standa til vansa.

Ég mun ekki staðfesta fundargerð 67. stjórnarfundur sem var 22. apríl 2013 nú heldur taka mér nauðsynlegan tíma til að skoða þessi mál betur.“

- Önnur mál:

Stjórn mun óska eftir fundi með nýjum umhverfis- og auðlindaráðherra.

11. Næsti stjórnarfundur símafundur 12. júní kl. 16:15 og þar næsti í september.

Fundi lauk kl. 17:15